


# Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS



Nr. 38 2. tbl., 18. árg., maí 2016



## LANDMÆLINGAR ÍSLANDS 60 ÁRA

# Stiklað á stóru í sögu Landmælinga Íslands



## Mælingar og kortagerð Dana á Íslandi

Árið 1956 urðu Landmælingar Íslands til sem sjálfstæð stofnun. Sögu þeirra verkefna sem stofnunin tók við árið 1956 má þó rekja aftur til aldamótanna 1900 þegar landmælingadeild danska herforingjaraðsins (síðar Geodætisk Institut) hóf landmælingar og kortagerð hér á landi. Verkefnið stóð yfir í 27 sumur á árunum 1900 til 1940. Af raksturinn var 670 kortatitlar en af þeim voru 227 útgefni, m.a. Atlas kortin og Herforingjaraðskortin sem margir þekkja. Í tengslum við mælingarnar varð til mikill fjöldi frumgagna sem geymd voru hjá Geodætisk Institut s.s. teikningar, ljósmyndir og mælingabækur. Ágúst Böðvarsson (seinna forstjóri LMÍ) lagði áherslu á að Íslendingar fengju þessi gögn til varðveislu og eignar. Samningar milli Landmælinga Íslands og Geodætisk Institut leiddu til þess að frumgögnin voru send til Íslands í áföngum, síðasta sending árið 1985.



## Loftmyndataka af Íslandi

Danir höfðu einnig tekið ljósmyndir (skámyndir) úr lofti af Íslandi árin 1937 og 1938 til að auðvelda gerð korta af hálendinu en fyrirkomulag þeirrar myndatöku var annars eðlis en þeirrar sem almennt er notuð til kortagerðar. Árið 1951 hófst nýr kafli í kortagerð á Íslandi; taka og gerð loftmynda til kortagerðar. Þar með hófst hjá Landmælingum Íslands tímabil þessarar sérhæfðu myndatöku sem stóð til ársins 2000 en alls voru teknar um 140.000 loftmyndir af landinu.

## Landmælingar, NATO og nýtt þríhyrningamælinet Hjörsey 1955

Árið 1955 hófust umfangsmiklar landmælingar á Íslandi að frumkvæði Norður Atlantshafsbandslagsins (NATO), en þær voru liður í stærra mælingaverkefni lands við Norður Atlantshafið. Mælingunum lauk sumarið 1956 og hafði Kortagerðarstofnun bandaríska varnarmálaráðuneytisins, AMS, yfirumsjón verksins á Íslandi en samstarfsaðilar voru Landmælingar Íslands og Geodætisk Institut. Afurðirnar úr þessu verkefni voru meðal annars nýtt og nákvæmara þríhyrningamælinet af öllu Íslandi sem kennt var við Hjörsey á Mýrum og flokkur staðfræðikorta af Íslandi í mælikvarða 1:50 000. Kortin voru gerð í samvinnu við AMS og fór vinnan fram bæði vestanhafs og hér heima. Samkvæmt yfirliti yfir kortin þekja um það bil 200 kortblöð allt landið.

## Landmælingar Íslands í Reykjavík 1956-1998

Landmælingar Íslands voru stofnaðar árið 1956 og tóku við verkefnum á sviði landmælinga, loftmyndaöku og gerð korta af Íslandi. Fyrsti forstjóri stofnunarinnar var Geir G. Zoëga og tilheyrði stofnunin fyrst samgönguráðuneytinu. Landmælingar hér á landi höfðu fram til þessa verið hluti Vegagerðar ríkisins en við stofnun Landmælinga Íslands var starfsemi flutt í hús Vitamálastofnunarinnar að Seljavegi 32 í Reykjavík. Árið 1961 flutti stofnunin í stærra húsnæði að Laugavegi 178 en árið 1959 hafði Ágúst Böðvarsson tekið við sem forstjóri stofnunarinnar.

## Verkefni nýrrar stofnunar

Helstu verkefni Landmælinga Íslands á þessum árum var endurskoðun og útgáfa kortanna sem Danir höfðu mælt og teiknað og

einnig þeirra korta sem til urðu við NATO-verkefnið. Loftmyndaflugið var einnig stór þáttur í starfsemi, þar sem ýmsar innlendir og erlendar stofnanir þurftu á loftmyndum að halda til margbreytilegra verkefna.

## Landmælingar Íslands fá útgáfu- og höfundarrétt af kortum Dana

Árið 1963 hætti Geodætisk Institut kortagerðarvinnu fyrir Íslendinga, sem eftirléiðis varð á ábyrgð Landmælinga Íslands. Tveimur árum seinna keypti stofnunin allan lager Íslandskortanna af Dönum og með þeim allar filmur til endurskoðunar og prentunar þeirra og tíu árum seinna fengu Landmælingar Íslands endanlegan útgáfu- og höfundarrétt á kortunum.

## Lög um Landmælingar Íslands árið 1985

Árið 1985 voru Landmælingum Íslands í fyrsta sinn sett lög (nr. 31/1985). Lögin voru endurskoðuð árið 1990 (nr. 47/1990). Við þá endurskoðun var stofnunin færð frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis sem þá var sett á laggirnar.



## Gervitunglamyndir af Íslandi

Árið 1991 eignuðust Landmælingar Íslands tækjabúnað til vinnslu gervitunglamynda og ári seinna eignuðist stofnunin gervitunglamyndir af öllu landinu, teknar á tímabilinu 1986-1992.

## Nýtt grunnstöðvanet

Sumarið 1993 var mælt nýtt grunnstöðvanet á Íslandi (ISN93) þar sem mælinganetið sem kennt var við Hjörsey 1955 var ekki talið fullnægja kröfum um nákvæmni eða aðgengi. Mældar voru 119 mælistöðvar með GPS mælitækni sem þá var í fyrsta sinn notuð af LMÍ. Verkefnið byggðist á viðamiklu samstarfi LMÍ við íslenskar stofnanir og sveitarfélög auk þess sem þýska kortastofnunin veitti ómetanlega aðstoð með því að lána tækjabúnað og sérfræðinga til verksins.

## Flutningur á Akranes

Þann 3. júlí 1996, tilkynnti Guðmundur Bjarnason umhverfisráð-

herra, þá ákvörðun sína að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness og tæki stofnunin þar til starfa 1. janúar 1999. Vegna þessarar ákvörðunar braust út ólga meðal starfsfólks LMÍ, 30 að tölu. Mikil blaðaskrif urðu um þetta hitamál en endirinn varð sá að stofnunin var flutt til Akraness og tók þar til starfa á tilsettum tíma, en þá hafði helmingur starfsfólks sagt upp störfum.

## Landmælingar Íslands á Akranesi 1999-2016

Landmælingar Íslands tóku til starfa á Akranesi 1. janúar 1999. Magnús Guðmundsson var settur nýr forstjóri frá sama degi.

## Á undan honum höfðu fimm forstjórar setið:

Geir G Zoëga, 1956-1959.  
Ágúst Böðvarsson, 1959-1976  
Bragi Guðmundsson, 1976-1985  
Birgir Guðjónsson, 1985  
Ágúst Guðmundsson, 1985-1998

## Gagnagrunnur af öllu Íslandi - IS 50V

Árið 1998 hófu Landmælingar Íslands vinnu við gerð stafræns kortagrunns fyrir Ísland. Grunnurinn var byggður upp á staðfræðikortum í mælikvarða 1:50 000 sem voru að grunni til þau sömu og mælt var fyrir árin 1955 og 1956. Markmiðið með verkefninu var að til yrði heilsteypur stafrænn gagnagrunnur af öllu landinu. Sérfræðingar frá mörgum stofnunum, innlendum og erlendum, auk sérfræðinga LMÍ, komu að þessu mikla og flókna verkefni. Fyrsta útgáfa IS 50V var formlega gefin út í árslok 2003. Í upphafi var grunnurinn unninn eftir upplýsingum á útgefnum kortum í mælikvarða 1:50 000 en auk þess er nú byggt á nýrri gögnum, samstarfi og gagnaskiptum við aðra opinbera aðila.

## Loftmyndaflugi hætt

Sumarið 1998 var síðast flogið kerfisbundið loftmyndaflug á vegum LMÍ. Næstu tvö árin var loftmynda-taka boðin út en því var hætt eftir árið 2000. Þar með lauk sögu loftmyndaöku hjá stofnuninni sem hófst árið 1951 og hafa einkafyrirtæki séð um loftmyndaöku á Íslandi síðan. Í safni stofnunarinnar, sem er vel skráð og aðgengilegt, eru um 140 þúsund loftmyndir frá tímabilinu 1937-2000.



## Endurmæling grunnstöðvanetsins

Í ágúst mánuði 2004 var grunnstöðvanet Íslands (ISN93) endurmælt samkvæmt áætlun um að mæla netið á 10 ára fresti. Sam-

hliða því var gefin út viðmiðunin ISN2004. Grunnstöðvanetið er grundvöllur annarra landmælinga hér á landi og þar með undirstaða stafrænnar kortagerðar, landfræðilegra upplýsingakerfa og verklegra framkvæmda. Næsta endurmæling er áætluð sumarið 2016.

## Nýir tímar og ný verkefni

### Ný lög um landmælingar og kortagerð

Árið 2006 var 50 ára afmælisár Landmælinga Íslands en á árinu lagði umhverfisráðherra fram nýtt frumvarp um landmælingar og grunnkortagerð. Frumvarpið var samþykkt af Alþingi um mitt ár 2006 og 1. janúar 2007 tóku ný lög um landmælingar og grunnkortagerð (nr. 103/2006) gildi. Lögin voru að mestu byggð á tillögum nefndar umhverfisráðherra sem falið var að endurskoða gildandi lög, einkum til að skilgreina hvert hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð ætti að vera.

### Sala og framleiðsla prentaðra korta hætt

Í hinum nýju lögum var kveðið á um að Landmælingum Íslands væri ekki lengur heimilt að framleiða og selja prentuð kort. Þannig var meðal annars brugðist við kvörtunum einkafyrirtækja sem stunda kortaútgáfu. Með lögum lauk því hartnær hálfri aldar sögu Landmælinga Íslands á sviði framleiðslu og sölu prentaðra korta. Í kjölfarið var kortalager og kortaútgáfur stofnunarinnar seldar fyrirtækinu Iðnmennt.



## Fjarkönnun

Landmælingar Íslands hafa síðan árið 2002 staðið fyrir sameiginlegum kaupum innlendra stofnana á SPOT-5 gervitunglamyndum af Íslandi. Haustið 2006 lauk þessu samstarfsverkefni og afrakstur þess verkefnis var m.a. skýjalaus SPOT-5 myndabækja af öllu land-

inu sem allir opinberir aðilar höfðu aðgang að og gátu notað að vild í starfsemi sinni. Hjá Landmælingum Íslands eru SPOT-5 myndirnar nú notaðar við uppfærslu IS 50V kortagrunnsins og vegna vinnu við CORINE-verkefnið. Með erlendu


# Kvarðinn

Útgefandi: Landmælingar Íslands, Stillholti 16-18, 300 Akranesi · Sími 430 9000 · lmi@lmi.is · www.lmi.is  
Umsjón með afmælisútgáfu Kvarðans: Skessuhorn - Fréttaveita Vesturlands.  
Viðtöl og skráning efnis: Skessuhorn - Haraldur Bjarnason blm.  
Umbrot: Skessuhorn - Tinna Ósk Grímarsdóttir.  
Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson.  
Ljósmyndir: Guðni Hannesson og fleiri. Auk þess myndir úr 60 ára safni LMÍ.  
Prentun: Landsprent 18. maí 2016.  
Upplag: 6500 eintök.

samstarfi á síðari árum hafa fleiri fjarkönnunargögn bæst við.

### INSPIRE og grunngerð landupplýsinga

Þann 21. nóvember 2006 samþykktu Evrópuráðið og Evrópuþing-ið INSPIRE-tilskipunina (Infrastructure for Spatial Information in the European Community). Tilskipunin tók gildi þann 15. maí 2007. Í júlí 2008 óskaði umhverfissráðuneytið eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin hæfi vinnu við að undirbúa innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar á Íslandi. Lykilmarkmið INSPIRE er að opinberar landfræðilegar upplýsingar verði gerðar öllum aðgengilegar. Verkefnið snertir öll ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög á Íslandi með einum eða öðrum hætti. Stórum áfanga var náð á árinu 2011 í starfsemi Landmælinga Íslands þegar ný lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011 voru samþykkt á Alþingi. Með lögnum eru grundvallaratriði svokallaðrar INSPIRE-tilskipunar innleidd og sjá Landmælingar Íslands um framkvæmd laganna. Grunngerð landupplýsinga er nú eitt af stóru verkefnum Landmælinga Íslands.



### CORINE – flokkun og kortlagning á landnýtingu og landgerðum

Árið 2007 gerðust Landmælingar Íslands formlegur aðili að CORINE-verkefninu (Coordination of Information on the Environment) sem er samevrópskt verkefni þar sem landgerðir hvarvetna í Evrópu eru flokkaðar á sama tíma og með sömu aðferðum eftir ákveðnum staðli í eftirfarandi fimm flokka: manngerð svæði, landbúnaðarland, skógar og önnur náttúruleg svæði, votlendi og vötn og höf. Landmælingar Íslands hafa með höndum verkefnisstjórn hér á landi og er verkefnið unnið í samvinnu við fjölda stofnana og öll sveitarfélög landsins sem útvega margvísleg gögn til verkefnisins.

### Samræmt hæðarkerfi fyrir Ísland

Þann 16. mars 2011 gáfu Landmælingar Íslands út í fyrsta sinn sameiginlegt hæðarkerfi fyrir Ísland en alls tóku mælingar vegna verkefnisins 18 sumur í góðri samvinnu LMÍ, Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar. Kerfið er kallað Landshæðarkerfi Íslands og er viðmiðunin ISH2004. Tilkoma sameiginlegs hæðarkerfis markaði stór tímamót í sögu landmælinga á Íslandi. Á sama hátt og viðmiðunin ISN93 skapaði grundvöll

fyrir alla til að vinna í sama hnita-kerfi mun ISH2004 skapa grundvöll fyrir alla til að vinna í sama hæðarkerfi. Eitt samræmt hæðarkerfi er mikilvægt fyrir ýmsar framkvæmdir s.s. vegagerð og jarðgangnagerð og á ýmsum sviðum umhverfissvöktunar, skipulags og áætlanagerðar. Auk þess nýtast gögnin við rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum eða breytingum á yfirborði sjávar. Þótt nýja landshæðarkerfið hafi verið gefið út er stöðugt unnið að viðhaldi kerfisins og mælingum bætt inn í það.



### Jarðstöðvar

Landmælingar Íslands reka nú 14 svokallaðar GNSS-jarðstöðvar sem hafa verið settar upp og tengdar frá árinu 2009. Uppbygging GNSS-jarðstöðvanets er mikilvægur þáttur í viðhaldi og vöktun á grunnstöðva- og hæðarneti landsins sem Landmælingar Íslands sjá um að reka. Vel hannað GNSS-jarðstöðvanet þjónar einnig vísindasamfélaginu við rannsóknir auk þess sem það eykur áreiðanleika og afköst við landmælingar og leiðsögu fyrir hinn almenna notanda. Hluti af jarðstöðvunum á Íslandi tengist rekstri á GNSS-kerfum heimsins en þar er aðallega um að ræða gögn frá stöðvunum á Höfn og í Reykjavík sem notuð eru til þess að reikna nákvæmar brautir GNSS-gervitunglanna.

### Gjaldfrjáls gögn

Til að mæta auknum kröfum um aðgengi gagna ákvað þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, í samvinnu við Landmælingar Íslands að öll gögn í eigu stofnunarinnar yrðu gerð gjaldfrjáls og tók sú ákvörðun gildi 23. janúar 2013. Í kjölfarið hefur eftirspurn eftir landupplýsingagögnum stofnunarinnar stórkost og fram hefur komið mikill áhugi frá ýmsum ríkisstofnunum og sveitarfélögum um samstarf til að bæta aðgengi að landupplýsingum. Ákvörðun um gjaldfrjáls gögn tengist ekki síst nýlegum lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar en markmið þeirra er að bæta aðgengi að opinberum landupplýsingum og samræma og staðla vinnubrögð við gerð þeirra. Frá því gögn Landmælinga Íslands voru gerð gjaldfrjáls hefur notkun á gögnum LMÍ margfaldast. Þessi gögn hafa verið notuð í mismunandi verkefni, allt frá kortagerð til gerðar smáforrita. Þá hefur einnig verið mikil aðsókn í gömul kort og loftmyndir.



Starfsmenn Landmælinga Íslands 2016.

### Söfn Landmælinga Íslands

Landmælingar Íslands búa yfir stóru og merkilegu safni korta, ljósmynda og loftmynda. Kortasafn LMÍ telur um 2700 kort og Loftmyndasafn LMÍ geymir nú um 140 þúsund loftmyndir. Í fórum LMÍ er líka að finna teikningar og ljósmyndir frá mælingum og kortlagningu Dana hér á landi frá árunum 1900-1940. Á síðustu áratugum hefur mikið áttak verið gert í skráningu og skönnun og að bæta aðgengi að þessum gögnum.

### Örnefnaskráning

Í desember 2015 náðist sá skemmtilegi áfangi að yfir 100.000 örnefni höfðu verið staðsett og skráð í örnefnagrunn Landmælinga Íslands. Mikið áttak hefur verið í skráningu örnefna á undanförunum áratug. Fyrstu heildarlög um örnefni á Íslandi voru samþykkt á Alþingi þann 3. mars 2015. Í lögnum kemur m.a. fram að Landmælingar Íslands skuli sjá um skráningu, viðhald og miðlun örnefnagrunns í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auk þess sem Landmælingar Íslands skuli gera almenningi kleift að skrá örnefni í sérstakan gagnagrunn á vegum stofnunarinnar.

### Mannauður

Í lok árs 2015 störfuðu 26 starfsmenn hjá Landmælingum Íslands. Starfsmenn LMÍ hafa frá upphafi tekið þátt í könnun SFR og fjármálaráðuneytisins á starfsumhverfi ríkisstofnana. Stofnunin hefur alltaf verið ofarlega og aldrei farið undir heildareinkunnina fjóra, af fimm mögulegum. Könnun sem þessi gefur góða mynd af starfsumhverfi og starfsánægju og á árinu 2015 fengu Landmælingar Íslands í fjórða sinn sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun.

### Samstarf

Innlent og alþjóðlegt samstarf er mikilvægt til að viðhalda og efla þekkingu á fagsviðum stofnunarinnar. Slíkt samstarf tryggir m.a. aðgengi að landupplýsingum og leiðum til að miðla gögnum og þekkingu.

Landmælingar Íslands hafa lengi tekið þátt í samstarfi norræna kortastofnana og er í gildi sérstakur samstarfssamningur sem var síðast endurskoðaður árið 2010. Forstjórar þessara stofnana hittast tvisvar á ári til að fara yfir samstarfið en auk þess eru starfandi nokkrir vinnuhópar sem tilheyra samstarfinu. Á árinu 2015 var lokið mikilvægum áfanga við að móta sameiginlega stefnu í norrænu samstarfi kortastofnana auk þess sem undirritaður var nýr endurskoðaður samningur um samstarfið. Í nýja stefnuskiðinu er lögð áhersla á eftirfarandi sex lykilmarkmið:

- Þarfir samfélagsins.
- Framtíðarhlutverk kortastofnana.
- Þjónustur og gögn fyrir framtíðina.
- Hagkvæmur rekstur stofnana.
- Miðlun þekkingar og reynslu.
- Alþjóðlegt samstarf.

Á undanförunum árum hafa Landmælingar Íslands tekið þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi auk norræna samstarfsins s.s. á sviði Norðurskautsmála Sameinuðu þjóðanna og þróunarsjóðs EFTA.

## Merki Landmælinga Íslands

Íslandskort hefur verið grunnurinn í merki Landmælinga Íslands frá stofnun árið 1956. Merkið hefur tekið lítilsháttar breytingum síðan en stærsta breytingin varð 1986.

Auk þess hafa sérstök afmæliseintök merkisins verið gerð, það fyrsta á þrítugsafmælinu árið 1986. Hér má sjá merki Landmælinga Íslands í nokkrum útgáfum.



Fyrsta merkið sem var í notkun frá 1956-1986.



Önnur útgáfa merkisins sem notuð var 1986-1995.



Þriðja útgáfan frá 1995-2010.



Fjórða útgáfan sem er í notkun núna.




Afmælisútgáfur af merki Landmælinga Íslands.

## Borgarnes úr lofti með áratuga millibili

Loftmyndir Landmælinga Íslands eru til margra hluta nytsamlegar og hafa í gegnum tíðina nýst mörgum til margvíslegra hluta. Þær gefa góða mynd af breytingum sem verða á landi og byggðum þess.

Gaman er að bera saman gamlar og nýjar loftmyndir og sjá breytingar sem orðið hafa. Hér eru tvær myndir af Borgarnesi teknar með 55 ára millibili.



Borgarnes árið 1945.



Borgarnes árið 2000.

# Flutningur Landmælinga Íslands var happaspor fyrir Akranes og Ísland



Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna og fyrrum bæjarstjóri á Akranesi.

Gísli Gíslason var bæjarstjóri Akraneskaupstaðar þegar Landmælingar Íslands voru fluttar til Akraness árið 1998 og í aðdraganda flutninganna. Hann segir sögu flutninganna í raun hefjast fimm árum áður en til þeirra kom. „Þetta byrjaði milli jóla og nýárs árið 1993 þegar Össur Skarphéðinsson þáverandi umhverfisráðherra kom í heimsókn á Akranes. Á fundi sem ég átti með honum sagði hann mér að hann hygðist tilkynna að Landmælingar Íslands yrðu fluttar á Akranes. Þetta lagðist auðvitað mjög vel í okkur á Akranesi, sérstaklega þegar boðin voru fram fagstörf eins og í þessu tilviki. Þess vegna varð uppi fótur og fit hjá bæjarfulltrúum þegar ég færði þeim þessi boð ráðherrans. Það varð

hins vegar dráttur á tilkynningu Össurar en hann hafði rætt þetta innanhúss hjá Landmælingum og fékk víst ekki mjög jákvæðar viðtökur. Síðan liðu margir mánuðir án þess að nokkuð gerðist. Þegar Guðmundur Bjarnason var skipaður umhverfisráðherra þá fylgdu við þessu máli fast eftir við hann. Guðmundur tók svo þessa ákvörðun árið 1995 og þá lá ljóst fyrir að við gátum boðið stofnuninni húsnæði og gátum séð til þess að allur aðbúnaður yrði með miklum sóma. Auk þess var þetta í aðdraganda Hvalfjarðarganga og við gátum notað minnkandi fjarlægð sem rök fyrir flutningunum þannig að starfsmenn stofnunarinnar yrðu ekki einangraðir úti á landi eins og sumir vildu meina að yrði raunin.“

## Skipti máli að bærinn gat boðið húsnæði

Strax eftir að Guðmundur Bjarnason tilkynnti ákvörðunina um flutninginn varð mikil og heit fjölmiðlaumræða um þetta mál og þessi röskun á högum starfsmanna olli mikilli ólgu innan stofnunarinnar sem varð svo til þess að einn þeirra kærði þessa ákvörðun. Héraðsdómur sýknaði ríkið af því að bannað væri að flytja stofnun út á land. Hæstiréttur sneri þeim dómi við og Gísli segir það merkilegt að rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að stjórnvöldin ætti almennt að vera í miðborg Reykjavíkur. „Ríkisstjórnin brást hins vegar hart við og keyrði í gegn lög sem leystu úr

þessum hnút. Hins vegar má segja að innan Landmælinga voru tveir menn sem höfðu góða tengingu við Akranes, fæddir þar og uppaldir. Þeir voru um tíma, ásamt Magnúsi Guðmundssyni núverandi forstjóra, settir yfir stofnunina en þetta voru þeir Þorvaldur Bragason og Kristján Guðjónsson. Þessir menn undirbyggju flutninginn. Samhliða þessu var svo skipuð stjórn Landmælinga frá 1995-2000. Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri í ráðuneytinu var formaður stjórnar, Eyjólfur Árni Rafnsson, Orri Hauksón, Guðjón Jónsson ættaður úr Hvalfjarðarstrandarhreppi, og ég sat þarna líka. Þessi stjórn ásamt þríeykinu úr starfsmannahópnum vann að flutningunum. Það komu engin meiriháttar vandamál upp við flutninginn og ég held að það hafi skipt máli að þessi átta manna hópur vann vel að undirbúningnum. Það skipti líka máli að á þessu ári hafði bærinn fest kaup á stjórnsýsluhúsinu og hugsunin var sú að auk bæjarskrifstofu kæmi Rafveita Akraness og fleiri bæjarstofnanir þarna inn. Því var breytt og þarna skapaðist pláss fyrir Landmælingar Íslands. Bærinn seldi svo fasteignafélagi þessa eign síðar ásamt leigusamningnum.“

## Flutningurinn styrkti Landmælingar Íslands

Gísli segist minnst þess að honum hafi á þessum tíma verið boðið að halda fyrirlestur fyrir fréttaritari Morgunblaðsins af landsbyggðinni og þar hafi báðir

ritstjórar Morgunblaðsins, þeir Styrmir Gunnarsson og Matthías Jóhannesen, verið viðstaddir. Hann sagðist hafa gert að umræðuefni þennan mikla fréttaritari sem hefði orðið af fyrirhuguðum flutningi Landmælinga Íslands til Akraness. Ritstjórnir báðir hefðu þá lýst mikilli andstöðu við þessa flutninga en skiptar skoðanir hefðu verið meðal fréttaritaranna af landsbyggðinni og þarna urðu mjög fjörugar umræður. „Meginkjarninn er sá að draga má mjög mikinn lærdóm af þessum flutningi. Í fyrsta lagi þarf svona flutningur að hafa allan aðdraganda, í öðru lagi þarf framtíðarsýn fyrir rekstur viðkomandi stofnunar að vera skýr og í þriðja lagi þarf lagaumhverfið að vera í lagi. Það kom einmitt í ljós við fyrirhugaðan flutning Fiskistofu fyrir stuttu að þessi reynsla hafði ekki verið nýtt. Að mínu viti varð þessi flutningur til að styrkja Landmælingar Íslands. Stofnunin fékk betra starfsumhverfi, verkefni voru í framhaldinu endurskilgreind og hún fékk aukinn stuðning við verkefni sín. Það hefur verið ánægjulegt að sjá stofnunina taka miklum breytingum á þessum tíma með nýrri tækni í kortagerð og að stofnunin skuli standa öllum löndum jafnfætis í þessum efnum. Stofnunin tekst í breyttum heimi á við fjölþjóðleg verkefni og hefur staðið sig vel. Þegar upp er staðið hefur flutningur Landmælinga Íslands til Akraness reynst happaspor bæði fyrir Akranes og Ísland,“ segir Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna og fyrrum bæjarstjóri á Akranesi.

# Við viljum fjölbreytt atvinnulíf og Landmælingar Íslands eru hluti af því



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi.

Landmælingar Íslands eru til húsa við Stillholt á Akranesi í húsi sem í daglegu tali er kallað ráðhúsið enda bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar þar einnig til húsa. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi segist fljótlega eftir að hún tók við bæjarstjórastarfinu

hafa farið í heimsókn til Landmælinga Íslands. „Stofnunin er til fyrirmyndar á mjög mörgum sviðum, eins og til dæmis í umhverfismálum og mannauðsmálum en hún hefur hlotið viðurkenningar á því sviði. Við höfum skipst á fræðslu. Ég hef heimsótt stofnunina og hald-

ið fræðsluerindi um samfélagslega ábyrgð en erindið byggði á fyrri störfum mínum fyrir Festu og við höfum fengið forstjóra og fleiri fulltrúa frá Landmælingum til að kynna fyrir okkur það sem þar er verið gera í umhverfismálum. Bæjarskrifstofan og Landmælingar

eru í sama húsi þannig að starfsfólkið er mjög sýnilegt fyrir okkur,“ segir Regína þegar hún er spurð um kynni sín af stofnuninni.

## Jákvæð áhrif

Regína segir það skipta mjög miklu máli að ríkisstofnanir séu víðar heldur en í Reykjavík. „Það þarf auðvitað að vanda slíkan undirbúning þannig að stofnanirnar tapi ekki dýrmætri þekkingu í breytingaferlinu. Breytingar skapa mjög gjarnan mótstöðu en það er eins og hún verði háværi þegar stofnanir eiga að flytja út á land heldur en þegar stofnunum og fyrirtækjum er lokað á landsbyggðinni. Starfsemi Landmælinga hefur svo sannarlega sýnt það að starfsemi hefur ekki gert neitt annað en að eflast þrátt fyrir áhyggjur manna á sínum tíma. Þar skiptir góður leiðtogi miklu máli en ég upplifi mikinn metnað hjá stjórnanda og starfsmönnum stofnunarinnar.“ Hún segir fjölbreyttan hóp með menntun á ýmsum sviðum starfa hjá Landmælingum Íslands og ekki sé spurning að það styrki samfélagið á Akranesi. „Við viljum fjölbreytt

atvinnulíf og að háskólamenntað fólk eigi kost á störfum í bænum og tilkoma Landmælinga hefur svo sannarlega haft jákvæð áhrif á það.“

## Taka þátt í samfélagslegum verkefnum

Nærvera Landmælinga Íslands við samfélagið á Akranesi hefur sín áhrif að sögn Regínu. „Stofnunin hefur verið dugleg að taka þátt í samfélagslegum verkefnum, til dæmis með örnefnagöngum og það er mjög jákvætt. Innan stofnunarinnar starfar fólk með mikla þekkingu á bænum og umhverfinu og gott þegar fólk er tilbúið að miðla þeirri þekkingu.

Á þeim tímamótum þegar Landmælingar Íslands fagna 60 ára afmæli stofnunarinnar sendir bæjarstjórnir á Akranesi starfsfólkinu hamingjuóskir. „Ég vil óska starfsfólki Landmælinga Íslands innilega til hamingju með afmælið og er þakklát og stolt yfir því að hafa svona öflugan starfsemi í bænum. Ég vona að við eigum áfram jafn farsælt samstarf og við höfum átt hingað til,“ segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi.

## Landmælingar Íslands verði áfram sú fyrirmyndarstofnun sem hún er

„Ég heimsótti Landmælingar Íslands fljótlega eftir að ég tók við embætti ráðherra eins og reyndar aðrar stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Sá góði andi sem ég varð vör við hjá starfsfólkinu á Akranesi hreif mig strax í heim-sókninni þangað og mér varð líka ljóst að þarna væri unnið mikið vísinda- og rannsóknastarf,“ segir Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra þegar rætt er við hana um Landmælingar Íslands, sem heyra undir hennar ráðuneyti. „Ég verð líka að segja að það kom mér á óvart þegar ég heimsótti stofnanir, sem heyra undir ráðuneytið, hve víða var verið að vinna að kortagerð og grunnur þeirrar vinnu var alltaf sóttur til Landmælinga Íslands. Þetta finnst mér sýna hversu mikilvæg stofnun Landmælingar Íslands er og jafnvel enn mikilvægari í dag en áður fyrr.“

### Þörfin fyrir að kortleggja minnkar ekki

Sigrún segir að í sínum huga sé mikilvægi stofnunarinnar tvíþætt. „Annars vegar búum við í þessu síbreytilega landi sem er að teygjast, lækka og hækka. Hér eru tíð eldgos sem breyta landi og við verðum vitni að aðstæðum eins og á Höfn í Hornafirði þar sem land er að lyftast. Við upplifum nú gifurlegan fjölda ferðamanna sem vill sækja landið heim og vegna hans þurfum

við að kortleggja landið vandlega og undirbúa okkur betur fyrir það hvernig við miðlum upplýsingum. Það felast gríðarlega mikil tækifæri í þessum áskorunum til að gera betur. Landmælingar Íslands sinna því mjög mikilvægu hlutverki og ég sé ekki annað en að það eigi frekar að eflast og styrkjast því þörf okkar fyrir að kortleggja allt mögulegt á ekki eftir að minnka í framtíðinni.“

### Mæling lands er mikilvæg fyrir marga

Að sögn Sigrúnar er stofnunin ekki síst mikilvæg þegar kemur að skipulagi og afmörkun landsvæða. „Þegar við hyggjumst friðlýsa svæði þurfum við nákvæmar mælingar. Sveitarfélög notast við mörk sem þarf að mæla og reynslan sýnir okkur að landamerki hafa oft verið tilefni deilna í þessu landi og því er gríðarlega mikilvægt að vel sé að þeim staðið. Skipulagsmálin öll krefjast nákvæmra mælinga og korta svo ekki sé nú nefnt mikilvægi stofnunarinnar vegna náttúruvár og almannavarna.“ Sigrún segir að fljótlega eftir að hún tók við sem umhverfis- og auðlindaráðherra hafi allir forstöðumenn stofnana, sem heyra undir ráðuneytið, afhent sér sameiginlega skýrslu um hvernig stofnanirnar gætu unnið saman að settum markmiðum. „Ég man að á þessum fundi kom vel fram áhugi veðurstofustjóra og



Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra, önnur frá vinstri, í heimsókn hjá Landmælingum Íslands.

forstjóra Landmælinga Íslands á að vinna enn meira saman en gert er. Báðar stofnanirnar vinna mikið í alþjóðlegu samstarfi og mikilvægt er að allar stofnanir vinni vel saman á þessum alþjóðavettvangi.“

### Flutningur stofnana getur orðið þeim til góðs

Landakort eru Sigrúnu hugleikin að hennar sögn. „Ég er auðvitað farin að eldast en ég hef alltaf haft landakort við höndina þótt yngri kynslóðin nýti sér kannski aðra tækni. Svo eru örnefningu auðvitað mikilvæg og sú vinna sem unnin er

varðandi þau hjá Landmælingum Íslands er mikilvæg. Það gladdi mig mjög þegar landakort fóru að verða nákvæmari því ég vil geta séð afmarkaðri svæði á mínum kortum.“ Sigrún segist ekki sjá annað en að Landmælingar Íslands blómstri á Akranesi og flutningurinn þangað hafi því tekist vel þrátt fyrir talsverðan hamagang á sínum tíma. „Ég er alveg sömu skoðunar og Guðmundur Bjarnason var þegar Landmælingar Íslands voru fluttar til Akraness. Ég vil sjá fleiri stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins. Ef við ætlum endalaust að nota rökin um hagkvæmnina, stærðar-

hagkvæmnina og allt það þá gerist ekkert. Ég vil miklu frekar sjá fleiri stofnanir fluttar frá höfuðborgarsvæðinu en til þess. Það gæti orðið stofnunum til góða eins og reyndin er með Landmælingar Íslands,“ segir Sigrún sem jafnframt segist sjálf hafa smá tengsl við Akranes því faðir hennar hafi verið alinn upp hjá afa sínum og ömmu í Miðvogi á Akranesi. „Ég óska Landmælingum Íslands og starfsfólki hjartanlega til hamingju með afmælið og veit það og vona að áfram verði Landmælingar Íslands sú fyrirmyndarstofnun sem hún nú er.“

### Guðmundur Bjarnason fyrrum umhverfisráðherra:

## Tók við hugmyndinni um flutning Landmælinga til Akraness og fylgdi henni eftir

Þegar Landmælingar Íslands voru fluttar til Akraness var Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra. Hann segir grunninn hafa verið lagðan þegar hann kom í umhverfisráðuneytið árið 1995. „Þessi hugmynd um að flytja stofnunina til Akraness hafði komið upp í tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem Össur Skarphéðinsson var umhverfisráðherra,“ segir Guðmundur þegar hann lítur um öxl. „Hluti af stefnu stjórnvalda þá, eins og oft fyrr og síðar, var að efla opinbera þjónustu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það féll mjög vel að mínum skoðunum og hugmyndum að fylgja þessu eftir. Ég var strax spenntur fyrir því að skoða þetta til þrautar og fylgja þessu eftir. Mér fannst eðlilegast að stefna áfram að flutningi til Akraness fyrst farið var að skoða þann möguleika en auðvitað voru fleiri sem vildu fá Landmælingar og t.d. voru norðanmenn að spyrja; af hverju ekki Akureyri eða Húsavík þ.e. í „mitt“ kjördæmi eða heimabæ? Það var ýmislegt sem mælti með þessum flutningi. Göngin undir Hvalfjörð voru í sjónmáli og það var kostur líka að fara ekki of langt ef einhver tregða yrði að fá tæknimenn eða annað fagfólk til starfa að hafa þá höfuðborgina innan seilingar. Margir sögðu nú að þetta teldist varla flutningur á landsbyggðina, Akranes væri of nálægt höfuðborgarsvæðinu til þess.“



Guðmundur Bjarnason var umhverfisráðherra þegar Landmælingar voru fluttar til Akraness.

### Davíð veitti málinu mikilvægan stuðning

Guðmundur segir margt af þessu hafa reynst rétt þegar á reyndi. „Það urðu vissulega nokkur átök við starfsfólkið en annars var afstaðan til þessara flutninga þverpólitísk bæði með og móti. Sá sem studdi mig harðast í þessu alla tíð var forsætisráðherrann Davíð Oddsson en það voru ekki allir í ráðherralíðinu sammála mér og heldur ekki í mínum flokki, Framsóknarflokknum. Davíð sagði við mig þegar ég kynnti hugmyndina fyrst fyrir honum: „Guðmundur, ef þú ætlar í þetta farðu þá alla

leið yfir flóann, þú snýrð ekki við á miðjum flóanum. Ef þú ferð í þetta og telur að þú nair alla leið þá styð ég það.“ Það gerði hann og þannig fór þetta, við náðum landi á Skaganum.“

### Átök um flutningana sem enduðu fyrir dómi

Talsverð átök urðu um flutningana, sérstaklega við starfsmenn og stéttarfélag sumra þeirra. Þetta endaði með málaferlum og dómur féll þeim í hag. Helsta forsenda dómsins var að ekki væri í lögum kveðið á um hvar stofnunin ætti að vera en í ljósi þess að hún hefði verið í Reykjavík, eins og flestar aðrar opinberar stofnanir, gæti ráðherra ekki ráðskast með stofnunina án þess að afla sér heimildar fyrir flutningnum. „Það var einmitt þá sem Davíð Oddsson studdi mig best og sagði að við færum þá bara í lagabreytingar. Það var gert, umhverfisnefnd flutti málið og það var afgreitt á einni kvöldstund, og nú er kveðið á um það í lögum um Landmælingar Íslands að aðsetur stofnunarinnar sé á Akranesi. Ég var oft spurður hver rökin væru fyrir þessum flutningum. Mín svör voru að í fyrsta lagi væri það sú pólitíska stefna að flytja stofnanir út fyrir höfuðborgarsvæðið. Síðan taldi ég Landmælingar henta betur til flutnings en ýms-

ar aðrar stofnanir, það ættu ekki svo margir viðskiptavinir erindi til Landmælinga Íslands og því þyrfti hún ekki endilega að vera á höfuðborgarsvæðinu. Þessu væri öðruvísi farið en hjá stofnunum þar sem meira væri um að viðskiptavinir þurfa að heimsækja þær. Síðan var líka mikilvægt að geta farið með stofnun inn í húsnæði sem væri hannað fyrir stofnunina en slíkt húsnæði var hægt að fá á Akranesi. Við sömdum við húseigandann um að hann innréttaði húsnæðið með þarfir stofnunarinnar í huga. Það er líka gríðarlega mikilvægt fyrir sveitarfélag eins og Akranes að fá til sín stofnun með 25-30 starfsmenn sem allir eru fagfólk, aðallega háskólamenntaðir sérfræðingar hver á sínu sviði. Svo var tækifærið notað og stofnunin tæknivædd upp á nýtt. Smám saman þróaðist þetta svo í rétta átt og starfsmenn urðu sáttari. Það skipti eiginlega sköpum þegar þrjár sviðsstjórar söðluðu um og studdu flutninginn. Þeir tóku eftir það fullan þátt í að byggja stofnunina upp á þessum nýja stað. Einn þeirra tók síðan við forstjórastöðunni og gegnir því starfi enn. Ég tel að flutningurinn hafi í heild tekist mjög vel. Stofnunin gekk í gegnum endurnýjun lífdaga við flutningana fyrir utan að hafa síðan þróast eðlilega í takt við tímann.“

### Góð reynsla sem hægt er að nýta

Guðmundur segir að ef frá er talin andstaða hjá starfsfólki í byrjun hafi pólitíska umhverfið verið jákvætt, þvert á flokka og heima fyrir á Akranesi hafi verið mikill einhugur um þetta. „Heimamenn sögðu við mig að þetta skyldi takast og ég held að starfsmenn hafi fljótt fundið það að þeir voru velkomnir með þessa stofnun til Akraness. Menn eru oft með hrakspár fyrir svona flutninga, sem er auðvitað eðlilegt, því þetta er mikið rask og snertir marga. Ég held að mikið sé hægt að læra af þessum flutningi til að nýta við flutning annarra stofnana, undirbúa verkefnið vandlega, kynna starfsfólki vel þau sjónarmið sem liggja að baki fyrirhuguðum flutningi og síðast en ekki síst það að hafa lagaumhverfið á hreinu áður en lagt er af stað. Í september 1999 var af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins unnið „skilamat“ vegna flutninganna og í lokaorðum skýrslunnar segir m.a.: „Með hliðsjón af framansögðu er niðurstaða skilamatsins sú að flutningur LMI hafi heppnast vel og engir sérstakir annmarkar séu á framkvæmdinni.“ Um leið og ég óska Landmælingum Íslands og starfsfólki stofnunarinnar til hamingju með 60 ára afmælið langar mig að gera þetta líka að lokaorðum mínum hér,“ sagði Guðmundur Bjarnason fyrrum umhverfisráðherra.

# Fór fyrir tilviljun að starfa hjá Landmælingum

„Þegar ég hóf störf við Landmælingar Íslands eftir að hafa lokið námi í landafræði við Háskóla Íslands hafði ég aldrei áður komið inn fyrir dyr á þessari stofnun þótt ótrúlegt sé,“ segir Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands þegar hann rifjar upp sín fyrstu ár hjá stofnuninni. Magnús segir fyrsta starfið hjá Landmælingum hafa óvænt komið upp í hendurnar á sér en hann hafði verið sumarmaður við lögregluna í Reykjavík á námsárunum og hafði verið boðið þarna um haustið 1983 að koma til starfa hjá rannsóknadeild lögreglunnar. Magnús segist þó oft hafa leitt hugann að því að gaman gæti verið að starfa við fagið sem hann hafði lært en ekki hafi verið um auðugan garð að gresja í þeim efnunum á þessum árum. „Svo fór ég einn daginn í hádegisunni upp í háskóla til að spjalla við krakkana sem verið höfðu með mér í námi og þá birtist Gylfi Már Guðbergsson prófessor í dyragættinni og kallaði inn til okkar „Er einhver hérna sem vantar vinnu?“ Ég spurði hvar það væri og hann svaraði því til að Landmælingar vantaði starfsmann í sölu og þjónustu. Þegar ég svaraði því að ég væri til í að skoða þetta þá sagði hann mér að hitta Ágúst Guðmundsson forstjóra klukkan eitt. Ég fór því upp á Laugaveg 178, þar sem Landmælingar voru, strax klukkutíma síðar, hitti þar Ágúst forstjóra og hann réði mig á staðnum. Hjá þessari stofnun er ég svo búinn að starfa síðan.“

## Var mörg ár í loftmyndatökum

Það sem aðallega hefur orðið til þess að Magnús hefur starfað svo lengi hjá Landmælingum er að hann hefur eiginlega hlakkað til að mæta í vinnuna allan þennan tíma. Hann segir ástæður þess ýmsar. „Ég hef alltaf unnið með frábærum samstarfsmönnum. Þetta er mjög spennandi vettvangur í stöðugri þróun og sífelldar breytingar ganga yfir.“ Þar nefnir hann notkun almennings á gögnunum eftir að þau urðu stafræn og líka tæknina sem sé að þróast hratt, sérstaklega notkun korta í ýmis konar snjalltækjum og myndatökum úr geimnum en Magnús hefur sjálfur reynslu af loftmyndatökum þótt ekki hafi það verið myndir úr geimnum. „Ég starfaði við að taka loftmyndir af landinu í fjórtán sumur með Elíeser heitnum Jónssyni flugmanni og Jóni syni hans. Þetta voru loftmyndir teknar í þrívídd sem notaðar voru til kortagerðar. Við þetta fékk ég mikla reynslu og lærði vel á landið. Þegar þeir feðgar hættu flugrekstri á skrúfubotunni sem notuð var til verkefnisins fengum við leigða sams konar flugvél frá sænsku landmælingunum Lantmåteriet. Það leiddi svo til þess að ég fór tvö sumur að vinna við loftmyndatöku í Svíþjóð fyrir sænsku landmælingarnar. Þá tókum við loftmyndir af Svíþjóð og Eistlandi. Þetta var sumurin 1994 og 1995 en þá voru Eistar nýlega orðin sjálfstæð þjóð.“ Á þessum árum kynntist Magnús vel sænsku landmælingunum sem eru stór stofnun með á þriðja þúsund starfsmenn. Sú stofnun sér um loftmyndatök, landmælingar, kortagerð og alla fasteignaskráningu eins og víðast er á Norðurlöndunum.“ Eftir að hafa verið korta- og



Magnús Guðmundsson.

loftmyndasali hjá Landmælingum Íslands á Laugaveginum og starfað við skráningu loftmynda í þrjú ár segir Magnús eitt hafa leitt af öðru. „Fyrst varð ég deildarstjóri yfir fjarkönnunardeild og síðan forstöðumaður yfir framleiðsluviði, sem sá alfarið um kortaframleiðsluna, fram til 1998. Þegar kom svo að því að flytja upp á Akranes og starf forstjóra losnaði þá sótti ég um starfið og fékk.“

## Tíu manns sóttu um hverja stöðu

Eins og mörgum er í fersku minni, og annars staðar er rakið í þessu blaði, kom ýmislegt upp á þegar hugmyndir um flutning stofnunarinnar til Akraness voru lagðar fram. Óánægja var mikil meðal starfsmanna og sú óánægja varð til þess að umhverfisráðherra var stefnt



Frá afhendingu viðurkenningar þegar Landmælingar Íslands voru valdar í þriðja sæti sem stofnun ársins 2016.

vegna flutnings stofnunarinnar. Flutningurinn var svo dæmdur ólöglegur í Hæstarétti þar sem talið var að lagaheimild fyrir honum skorti. Alþingi brást strax við með breytingu á lögum um Landmælingar Íslands þar sem kveðið er á um að heimili stofnunarinnar og varnarþing skuli vera á Akranesi. Þetta var árið 1998 og í ársbyrjun 1999 tók stofnunin til starfa í nýju húsnæði á Akranesi undir stjórn Magnúsar Guðmundssonar. Það kom því í hans hlut að koma nánast nýrri stofnun á lappirnar því margir starfsmenn hættu störfum en nýir komu í staðinn. Að jafnaði sóttu tíu manns um hvert starf sem losnaði

en Magnús segir auðvitað hafa verið mikinn missi af allri reynslunni sem fór með þeim starfsmönnum sem hættu. Hins vegar hafi verið tiltölulega auðvelt að ráða fólk með menntun við hæfi í staðinn en það kom ýmsum á óvart sem höfðu verið með hrakspár vegna flutningsins. Starfsmannafjöldinn var svipaður og nú en 28 manns voru starfandi hjá stofnuninni í Reykjavík. Á fyrstu árunum eftir flutninginn fjölgaði þeim í 35 en fækkaði svo aftur árið 2006 þegar ný lög um stofnunina tóku gildi og henni var gert að hætta framleiðslu og sölu prentaðra korta. Síðan þá hafa starfsmenn verið um 25 talsins. Magnús segir að tæknibreytingar hafi svo gert það að verkum að færri hendur þurfi til ákveðinna starfa en um leið þarf annars konar menntun og þekkingu svo sem á sviði upplýsingatækni.

## Samstarf við margar stofnanir

Magnús segir mikið samstarf við aðrar stofnanir t.d. séu Vegagerðin og Landsvirkjun þær stofnanir sem helst sé samstarf við varðandi mælingar sem og Orkustofnun og Landhelgisgæslan. Varðandi samstarf um örnefni sé Stofnun Árna Magnússonar í lykilstöðu. Í kortagerð komi Vegagerðin aftur við sögu auk t.d. Veðurstofunnar og Landgræðslu ríkisins. Þegar síðan komi að mannvirkjum sé samstarf við Þjóðskrá Íslands og varðandi gróður og náttúru landsins séu það Náttúrfræðistofnun Íslands og

Skógrækt ríkisins. Auk þess sé samvinna við fleiri stofnanir, sveitarfélög og einkafyrirtæki um einstök verkefni. „Við vinnum líka að auknu samstarfi við Hagstofu Íslands um ýmsar tölfræðiupplýsingar sem þar eru til í töflum varðandi atvinnuvegina og mannfjölda. Við höfum mikinn áhuga á að koma þessum upplýsingum í myndrænt form.“

## Mikið alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt starf Landmælinga Íslands er umtalsvert í samstarfi við mun stærri kortastofnanir. „Við fundum t.d. tvisvar á ári með sambærilegum stofnunum á Norðurlöndunum og höfum mjög mikinn ávinning af norræna samstarfinu. Evrópusamstarfið er líka mjög öflugt undir merkjum samtakanna EuroGeographics. Þar eru 60 ríkisstofnanir frá 46 Evrópulöndum í samstarfi sem er aðallega þríþætt. Í fyrsta lagi er það tengslanet þannig að upplýsingar og tengsl milli þessara stofnana séu til staðar. Í öðru lagi að miðla upplýsingum og þekkingu milli þeirra og í þriðja lagi að tala einni röddu í Brussel þar sem löggjöf er sett og skrifstofa þessa samstarfs er. Að auki erum við í gegnum Evrópusamstarfið í samvinnu við hagstofu Evrópusambandsins Eurostat um kortagögn frá öllum löndunum sem við gerum notendum aðgengileg. Ég var forseti EuroGeographics samtakanna frá 2007-2009 og hafði mikið gagn af því.“

Magnús segir að auk þessa alls taki Landmælingar nú þátt í öflugum samstarfi kortastofnana á norðurlöndum undir merkjum Arctic SDI og í samvinnu við Norðurskautsráðið. Norðurlandabjórinnar drifu þetta af stað og ég var formaður stjórnar þessa verkefnis fyrstu þrjú árin frá 2010-2013. Markmiðið með Arctic SDI er að gera aðgengileg á netinu nákvæm kortagögn frá þessum átta þjóðum, tengja þau saman og staðla þannig að notendur sjái engan mun milli landa. Fyrir ári síðan

tilkynnti Obama Bandaríkjaforseti að Bandaríkjamenn ætluðu að setja aukið fé í að afla nýrra kortagagna af norðurlöndum. Um er að ræða nákvæmt hæðarlíkan sem er útbúið eftir nákvæmum gervitunglamyndum. Vegna þessa verkefnis er nú verið að vinna nýtt hæðarlíkan af Íslandi með eins til tveggja metra hæðarnákvæmni sem er mikil framför því sums staðar hefur hæðarnákvæmni opinberra kortagagna verið mun minni þótt annars staðar hafi hún verið mjög góð eins á jöklunum sem hafa verið kortlagðir með lidar tækni á síðustu árum. Við erum því að fá mjög góð gögn um Ísland út úr þessu verkefni sem verða öllum opin án endurgjalds en það er skilyrði í þessu verkefni. Þetta á eftir að auðvelda notendum bæði í opinbera geiranum og hjá einkafyrirtækjum að búa til betri kort og landupplýsingar og nýta við ýmis mikilvæg verkefni. Vonandi mun þetta einnig styðja við margs konar framfarir og nýsköpun á þessu sviði.“

Magnús segir að mjög vel hafi gengið að vinna með þessum þjóðum í vestri og austri. „Þetta eru ólík menningarsvæði og misjafn taktur. Til dæmis getur tekið langan tíma að fá viðbrögð frá Rússunum en þetta hefst allt með þrautseigju og skýrum markmiðum.“ Enn eitt verkefnið sem er óneftur er alþjóðlegt verkefni Sameinuðu þjóðanna sem nefnist UN-GGIM sem miðar að því að bregðast við aukinni tíðni margs konar hamfara í heiminum svo sem vegna jarðskjálfta, óveðurs, farsóttar og flóða. Magnús tekur þátt í þessu verkefni sem fulltrúi Íslands með stuðningi utanríkisráðuneytisins. „Þetta markast auðvitað af því að kortagerð er alþjóðleg og án landamæra eins og margt annað er orðið með aukinni tækni. Kortlagning kemur líka inn á flest ef ekki öll svið mannlífsins í dag. Umhverfi Landmælinga Íslands í dag er mjög alþjóðlegt því fyrir utan allt þetta sem nefnt hefur verið þá tókum við þátt í einstökum evrópskum verkefnum. T.d. höfum við núna verið að vinna með norsku kortastofnuninni Kartverket í Slóveníu og Portúgal. Þau verkefni eru fjármöggnuð af Þróunarsjóði EFTA-landanna. Þarna fær starfsfólkið okkar þjálfun, reynslu og tengslanet sem gerir okkar fólki mun auðveldara að takast á við krefjandi verkefni hér heima.“

## Breyttist úr framleiðslu- stofnun í innviðastofnun

Eins og komið hefur fram breyttist starfsemi stofnunarinnar talsvert þegar Landmælingum Íslands var gert að hætta kortaframleiðslu og sölu prentaðra korta. „Það var svolítið sérstakt á sínum tíma að einu stofnuninni sem hefur öll gögn til að gera góð kort skyldi bannað að framleiða og selja kort en þetta var niðurstaðan og nú sjá einkafyrirtæki um kortaframleiðsluna en fá oft gögn frá okkur og jafnvel ráðgjöf,“ segir Magnús. „Hættan við þetta fyrirkomulag er sú að einkafyrirtækin gefa auðvitað bara út kort sem eru vel seljanleg og von er um að skili hagnaði. Ef einhver

ákveðin svæði eru ekki nægjanlega seljanleg er hættu á að ekki komi út ný og nákvæm kort yfir þau. Þess vegna þarf m.a. kortastofnun til lengri tíma litið til að tryggja ákveðin lágmarksgæði og framboð gagna t.d. ef einhverjar meiriháttar náttúruhamfarir eða slys verða svo að t.d. almannavarnir, lögregla og björgunarsveitir hafi örugglega nýjustu og bestu kort þegar bregðast þarf skjótt við. Við getum ekki ætlast til þess að einkafyrirtæki sinni þessu öryggishlutverki. Þetta er auðvitað svipað og rökin með Ríkisútvarpið og núna fjarskiptin, þar sitja smæstu og erfiðustu byggðirnar á hakanum af því að þar hefur ekki verið hugað að endurbótum á fjarskiptakerfinu í takt við tímann. Með þessum breytingum færðust Landmælingar Íslands frá því að vera framleiðslustofnun í það að vera innviðastofnun sem er gert að byggja upp grunngerð landupplýsinga á Íslandi, viðhalda grunnkerfum fyrir landmælingar og hafa ávallt ákveðin grunnöggn fyrir aðra að móða úr. Magnús segir þetta vera í takti við það sem sé að gerast í stjórnsýslunni hjá fleiri stofnunum en mikilvægt sé að stofnunin og starfsfólkikið geti fylgt eftir hraðri þróun á þessu sviði.

### Fæddur og uppalinn í Mosfellssveitinni

Magnús Guðmundsson er uppalinn í Leirvogstungu í Mosfellssveit. „Þar man ég fyrst eftir mér en föðurliggur minn var þá búinn að búa



Hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti í október 2015 þegar starfsmenn Landmælinga Íslands unnu að endurskoðun á stefnu og starfsáætlun stofnunarinnar fyrir árin 2016-2020.

### Sat í bæjarstjórn á Akranesi

Magnús segist strax hafa kunnað vel við sig á Akranesi og hann hafi fljótlega farið að starfa í félagsmálum. „Ingibjörg Pálmadóttir átti nú sinn þátt í því að ég var kominn inn í bæjarstjórn hér fyrir Framsóknarflokkinn árið 2002. Pólitík hafði ég aldrei komið nálægt áður og í bæjarstjórninni sat ég í fjögur ár og var síðan vara-

Ég hafði að vísu alltaf verið viðloðandi íþróttir. Var í Aftureldingu í handboltanum og spilaði þar í mörg ár. Fékkst aðeins við fótboltann líka en hafði ekki tekið þátt í félagsstarfinu fyrir íþróttirnar sem nokkur nemur. Ég er núna að hefja þriðja árið sem formaður Knattspyrnufélags ÍA og þetta

hefur gengið vel. Núna erum við með báða meistaraflokka karla og kvenna í efstu deild og staða félagsins er traust með um 500 iðkendur. Við tókum þá stefnu að byggja á heimamönnum og það er vonandi að takast núna hjá okkur.“ Magnús segir starfið fyrir ÍA mjög gefandi og ekki síst að þar

fái hann tækifæri til að kynnst mörgu af unga fólkinu í bænum. Hann segir að gífurlega mikil sjálfboðavinna sé lögð fram í íþróttastarfinu og margir séu tilbúnir til að fórna miklum tíma fyrir íþróttirnar.

Magnús heldur sér í formi með því að hlaupa. „Ég hafði alltaf verið að skokka en svo kom áskorun frá vinahjónum sem búa í Belfast á Norður-Írlandi um að æfa fyrir maraþon. Við fórum að æfa í sitt hvoru landinu eftir sama prógramminu árið 2009. Ég byrjaði með því að hlaupa marga hringi í Akraneshöllinni, allt upp í tólf kílómetra og færði mig svo út. Fyrsta maraþonið var svo hlaupið í Belfast vorið 2009 og ég hafði það af. Á þessum tíma var ég farinn að þyngjast aðeins og þetta varð til þess að ég léttist um ein tíu kíló á nokkrum mánuðum. Á þessum sjö árum er ég síðan búinn að hlaupa um fimmtán hálfmaraþon og þrjú heilmaraþon, tvisvar í Berlín og einu sinni í Belfast. Styttri hlaupin hafa svo verið í Reykjavíkumaraþoni, á Selfossi og á Akranesi. Aðalatriðið er að maður er að hlaða batteríin á hlaupunum. Oftast þegar ég fer til útlanda er ég með hlaupaskóna með og hef því hlaupið í nokkuð mörgum borgum og maður kynnist þeim öðruvísi á hlaupum. Hlaupin eru mín íhugun og slökun auk líkamsþjálfunarinnar,“ segir Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands.



Magnús og Guðrún Guðbjarnadóttir sambýliskona hans að loknu Reykjavíkumaraþoni 2015.

þar í eina fjóra ættliði. Móðurætt mín er hins vegar úr Kjósinni þannig að mínar rætur liggja hér handan Hvalfjarðarins,“ segir Magnús þegar rætt er við hann á skrifstofu hans á Akranesi. Eftir grunnskólanám lá leið hans í Menntaskólann við Sund. „Það má því segja að ég hafi búið í Reykjavík frá 16 ára aldri og þangað til ég flutti hingað til Akraness. Eftir stúdentspróf frá MS fór ég svo í landafræðina í Háskóla Íslands. Magnús á tvö börn af fyrra hjónabandi, þau Unni Ósk sem er 27 ára hárgreiðslumeistari og sjúkraliði. Hún býr í Lundi í Svíþjóð með fjölskyldu sinni og starfar á sjúkrahúsinu í Lundi. Unnur á tvær dætur. Sonurinn Daníel er 23 ára og er vélvirki. Hann býr á Akranesi og starfar hjá vélsmiðjunni í Skipanesi auk þess að stunda nú nám í rennismiði. Sambýliskona Magnúsar er Guðrún Guðbjarnadóttir grunnskólakennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi en hún á þrjú börn sem eru 19, 15 og 9 ára. Þau Guðrún og Magnús keyptu nýlega hús við Sandabraut á Akranesi þar sem þau búa.

bæjarfulltrúi önnur fjögur ár. Ég var strax skipaður í skipulagsnefnd og sat í henni samtals í tólf ár, síðustu árin fyrir Vinstri græna þótt ég hafi ekki verið í þeim flokki enda er ég utan allra flokka núna. Þetta var mjög góð reynsla og skóli og þessum kafla er nú lokið. Ég var svo kosinn formaður Félagssforstöðumanna ríkisstofnana árið 2009 og sinnti ég því verkefni til ársins 2014. Þarna fékk ég mikla og góða reynslu af opinberri sjórnsýslu á Íslandi sem ég mun alltaf búa að og ég kynntist mörgu góðu fólki á þessum vettvangi. Á sama tíma hóf ég nám í opinberri stjórnsýslu í Háskóla Íslands og lauk diplómanámi á því sviði árið 2009.

### Formaður Knattspyrnufélags ÍA og langhlaupari

Þegar ég hætti sem formaður Félagssforstöðumanna ríkisstofnanna tók ég við formennsku í Knattspyrnufélagi ÍA og þar opnaðist nýr heimur í félagsstarfinu.

## Kortin vísa veginn

**60 ára afmælisráðstefna Landmælinga Íslands**  
**20. maí 2016 kl. 9:00 – 12:00 í Tónbergi á Akranesi**

Ráðstefnustjóri Ingibjörg Pálmadóttir

8:00 – 9:00 Sýning opnar á verkefnum barna í 3. bekk Brekkubæjarskóla og 4. bekk Grundaskóla. Verkefnin eru unnin í tilefni af 60 ára afmæli Landmælinga Íslands og fjalla m.a. um örnefni og fjöll.

**Ávörp**

9:00 – 9:10 Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra.

9:10- 9:30 Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands.

**Öryggi almennings**

9:30 – 9:50 Jón Svanberg Hjartarson framkvæmdastjóri Landsbjargar. „Notkun landupplýsinga í starfi björgunarsveita á Íslandi“.

**Opin gögn**

9:50 – 10:10 Tryggvi Björgvinsson, Hagstofu Íslands. „Gagnagrúskarar“.

**Kaffihlé** Verkefni barna í grunnskólunum á Akranesi verða til sýnis í anddyrinu.

**Náttúruvá og vöktun**

10:30 – 10:50 Ingvar Kristinsson, Veðurstofu Íslands. „Nákvæmni og mikilvægi landupplýsinga í vinnslu og miðlun þjónustu um náttúruvá“.

10:50 – 11:10 Ingibjörg Jónsdóttir, Háskóla Íslands. „Mikilvægi fjarkönnunargagna í rannsóknum“.

**Náttúran, menning og ferðalög**

11:10 – 11:30 Halldór Arinbjarnarson, Ferðamálastofu. „Korts er þörf þeim er víða ratar - annars villist hann bara“.

**Örnefni**

11:30 – 11:50 Hallgrímur J. Ámundason, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. „Örnefni og eldfjöll“.

11:50 – 12:00 Samantekt ráðstefnustjóra. Ráðstefnuslit.

# Hefur umsjón með örnefnaskráningu Landmælinga Íslands



Rannveig L. Benediktsdóttir.

Skráning örnefna og kortlagning þeirra um land allt hefur verið hjá Landmælingum Íslands frá upphafi. Rannveig L. Benediktsdóttir hefur nú umsjón með skráningunni hjá Landmælingum Íslands. Hún segir gott samband við heimildamenn um land allt vera grunninn að starfinu. „Við erum í góðu sambandi við félagasamtök og einstaklinga víða um land sem miðla til okkar upplýsingum um örnefni og merkja inn á loftmyndir eða skrá beint inn í örnefnaskráningartól á vefnum. Margir bændur og landeigendur eru í þessum hópi. Við sjáum um gagnagrunninn sem síðan er sýnilegur í Örnefnasjá Landmælinga Íslands á vef stofnunarinnar.“ Örnefnalýsingar flestra jarða á Íslandi eru varðveittar hjá nafnfræðisviði Árnastofnunar en við getum lítið


gert með þær ef við höfum ekki staðkunnuga heimamenn til að staðsetja örnefnin. „Þessi þekking er að hverfa með elstu kynslóðunum því þörfin fyrir að nota örnefni við búskap og annað er ekki eins mikil núna og hún var áður.“ Rannveig hvetur alla, sem upplýsingar hafa um örnefni, til að hafa samband svo hægt sé að skrá þau inn.

## Byrjuðu á Akranesi

Eitt af fyrstu verkefnum í raf-rænni skráningu örnefna á vefnum segir Rannveig að hafi verið skráning örnefna á Akranesi. „Heimildarmennirnir okkar voru þeir Ásmundur Ólafsson frá Grund, Þórður Árnason frá Sólmundarhöfða og Bragi Magnússon frá Kirkjubæ. „Sem dæmi um það hversu fróðir þeir voru sýndi Bragi okkur ör-



Kort af Reykjadal í Þingeyjarsýslu fyrir skráningu örnefna.



Sama kort af Reykjadal eftir að örnefnum hefur verið bætt inn.

nefni við norðanverðan Skagann. Hann þekkti þar alla kletta og sker. Ég man að við settum loftmynd upp á vegg og sjórinn á henni var bara svartur og skerin sáust ekki en Bragi gat nefnt skerin og bent á hvar þau voru. Þegar ég svo bar þetta saman við mynd þar sem þessi sker sáust þá passaði þetta allt.“

## Ágreiningsmál útkljáð af Árnastofnun

Rannveig segir að gott og ánægjulegt samstarf hafi verið við þá sem afla örnefna víða um land. „Sumir eru með skráningaraðgang og skrá sjálfir beint inn í örnefnagrunn. Aðrir vilja frekar útprentaðar loftmyndir sem þeir merkja inn á.

Síðan tókum við þær og skráum í gagnagrunninn. Við höfum mikið samband við nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar, sem áður var Örnefnastofnun, því oft koma upp ýmis vafaatriði og fleiri en eitt nafn á vissa staði. Þá er ákvörðun um hvernig skuli með það fara tekin þar,“ segir Rannveig L. Benediktsdóttir.

## Lærði mörg örnefni í æsku og bætti svo við seinna

Einn af þeim sem hafa lagt sitt af mörkum við söfnun og skráningu örnefna er Ásmundur Ólafsson á Akranesi en hann segist raunar hafa alist upp við að læra örnefni. Snemma hafi foreldrar hans farið með þá krakkana um svæði á Akranesi og kennt þeim heiti á einstökum stöðum. „Sérstaklega var pabbi duglegur að fara með okkur niður á Breið um helgar þar sem hann ólst upp neðst á Skaganum á Sýruparti. Hann fór með okkur um allt þetta svæði. Smátt og smátt lærði maður þarna af sögunni og svo vorum við svo heppin hér á Akranesi að Ólafur B. Björnsson gaf reglulega út tímaritið Akranes og þar var mikið fjallað um söguna. Áhuginn fyrir þessu vaknaði snemma og ég fór t.d. einu sinni á gamla elliheimilið í Arnardal á Akranesi og heimsótti Enok heitinn Helgason, sem síðastur allra fæddist í Elínarhöfða. Hann fór með mér þangað og sagði mér frá örnefnum þar. Síðan kom að því að ég fór að vinna á Höfða, dvalarheimili aldraðra, þar voru margir sem þekktu örnefni, bæði á Akranesi og víðar.“

## Mikill áhugi hjá heimilisfólki á Höfða

Ásmundur segir gamla fólkið á Höfða strax hafa farið að sýna örnefnunum áhuga þegar hann fór að spyrjast fyrir meðal þess. Hann hafi því fengið nýja loftmynd frá Landmælingum Íslands og sett hana upp á vegg. Með lét hann fylgja litla límmiða sem fólkið setti nöfn á og sett voru inn á loftmyndina. Hann segist síðan hafa fengið nöfn sem til voru hjá Örnefnastofnun og borið þau saman við það sem út kom á Höfða. „Svo fór ég að grenslast fyrir um örnefni hjá fleirum, m.a. sjómönnum og þá tók ég eftir að fólk þekkti



aðvitað best afmörkuð svæði. Sjómenn, sem sóttu stutt, þekktu það sem stóð þeim næst og sjómennirnir, sem sóttu lengra, gjörþekktu Faxaflóann. Svo þekkti fólk aðvitað vel staði sem það ólst upp á. Þetta varð til þess að ég fór að spyrja fleiri til að víkka þetta út. Ég flutti erindi á Höfða um þetta og þetta kom út í afmælisriti hjá Lionsklúbbum hér á Akranesi. Svo fór ég nokkrar ferðir um bæinn og sagði fólki frá nöfnum á ýmsum stöðum og lendingarstöðum eða vörum, sem eru 25 talsins hér beggja vegna Skagans. Þá var ég með nöfn á klettum og skerjum sem eru mörg hér í nágrenninu. Ég var líka með nöfn á gömlum býlum og sjóbúðum sem eru horfin.“

Meðal þess sem Ásmundur gerði var að leiða hóp í göngu á vegum Landmælinga Íslands en þá gekk hann neðan af Breið og inn á Jaðarsbakka. „Svo er þetta núna komið inn á örnefnaskráninguna og á kort og loftmynd hjá Landmælingum Íslands þar sem allir geta skoðað þetta og þar er gott að hafa þetta allt á einum stað og er lofsvert. Þessi nöfn mega ekki gleymast,“ segir Ásmundur Ólafsson.

## Menningarfélagið Urðarbrunnur skráir Þingeysk örnefni

Verkefnið sem menningarfélagið Urðarbrunnur stýrir heitir Örnefnaskráning í Þingeyjarsýslu og er samstarfsverkefni Urðarbrunnis, LMÍ og Árnastofnunar. Samningur um verkefnið var gerður haustið 2013. Í upphafi fékk Urðarbrunnur styrk frá Vaxtarsamningi Norðausturlands til að ýta verkefninu úr vör. Einnig hefur sýslunefnd Þingeyinga veitt styrk til verksins. Halldór Valdimarsson er verkefnisstjóri þessarar skráningar hjá Urðarbrunni með aðstoð Oddnýjar Elínar Magnúsdóttur. Eftir námskeið, sem Rannveig Benediktsdóttir hjá Landmælingum hélt fyrir skrásetjara Urðarbrunnis, hefur sleitulaust verið unnið að þessu verkefni, aðallega yfir vetrartímann. „Þetta er ígrípavinna og fer eftir því hvernig gengur að fá heimildarmenn til samstarfs. Við erum núna búin með um 70-80 jarðir

og jarðaparta í Aðaldal og Reykjadal og erum þessa dagana að skrá austanverðan Bárðardal,“ segir Halldór.

## Örnefnalýsingar fylgja með

Halldór segir vinnuna við verkefnið nokkuð mótaða. „Vinna með heimildarmönnum fer þannig fram að ýmist fá þeir útprentaðar myndir af svæðinu til að merkja inn á eftir örnefnaskrá eða þeir hitta verkefnastjóra og eru viðstaddir skráninguna. Frá upphafi er lögð áhersla á að skrifa örnefnalýsingar inn eins og þær standa í örnefnaskrá, eins eru viðbætur heimildarmanna skráðar með. Ný örnefni og áður óþekkt eru skráð eftir heimildarmönnum. Þegar vinnu lýkur við hverja jörð er gerð skilaskýrsla sem send er til Landmælinga. Þar koma fram nöfn heimildarmanna

og viðbætur frá þeim og álitamál. Stundum er bætt við sögulegum fróðleik sem tengist viðkomandi örnefni og þá er vitnað í heimildir. Það er haft í huga við þessa vinnu að örnefnið fái nákvæma staðsetningu og hægt verði að lesa eða prenta af stafrænu tæki fróðleik um það.“

## Erum í kappi við tímann

„Samstarfið við Landmælingar Íslands hefur gengið mjög vel. Rannveig Benediktsdóttir er okkar tengiliður þar og hefur verið til leiðbeiningar og aðstoðar. Álitamál berum við undir hana og Hallgrím Ámundason hjá Stofnun Árna Magnússonar. Við höfum fullan hug á að halda þessu verkefni áfram fáum við til þess stuðning því við lítum á þetta sem björgunarstarf. Þeim fækkar óðum sem þekkjá örnefni og geta staðsett þau. Flestir heimildarmanna okkar eru eldra fólk á áttræðis- eða nírræðisaldri og því má segja að við séum í kappi við tímann. Urðarbrunnur hefur staðið fyrir kynningu á verkefninu í sýslunni og meðal ráðamanna og nýtur við það velvildar og skilnings fólks hér um slóðir,“ segir Halldór Valdimarsson verkefnisstjóri hjá Urðarbrunni.



Halldór, t.h., skráir örnefni Hjalla í Reykjadal með Ásgeiri Stefánssyni. Myndatökumaður frá N4 fylgist með.



## Purfum að passa vel upp á öll gögn - jafnt rafræn sem önnur

„Hér innanhúss eru ýmis söfn sem þarf að huga vel að,“ segir Steinunn Aradóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur sem hefur titilinn skjalastjóri og heldur utan um skjalasafn Landmælinga Íslands. „Við höfum skjalasafn utan um þetta allt saman en svo skiptist þetta upp í nokkur söfn svo sem kortasafn, loftmyndasafn, filmsafn og málafn svo einhver dæmi séu tekin. Mikill tími fer í skjalavistunarkerfið sem heldur utan um málafn stofnunarinnar og þar eru m.a. vistuð öll erindi, verkefni og fundargerðir. Síðan er frágangur á eldri skjölum sem þarf að flokka, skrá og pakka. Þetta er yfirleitt sammerkt með öllum stofnunum og ég held að engin stofnun sé til sem hefur ekki einhvern slíkan fortíðarvanda.“

### Gögn alveg frá upphafi 20. aldar

Steinunn segir kortasafnið allt meira og minna skráð og skannað. „Byrjað var að skrá það árið 2000 og síðan var gert átak í að skanna kortasafnið á árunum 2008 til 2010. Í dag eru u.þ.b. 2.700 kort skráð í safnið og eru þau aðgengileg á heimasíðu LMÍ ásamt skönnunum af kortunum. Þetta nýtur mikilla vinsælda. Í korta-

safninu eiga að vera öll útgefin kort Landmælinga Íslands og líka kortin sem Danir og Bretar gáfu út áður.“ Steinunn segist ekki viss um hversu mikið magn gagna sé til hjá stofnuninni. „Það er erfitt að segja en loftmyndirnar einar og sér eru um 140 þúsund talsins. Þær eru á filmum og síðustu tíu ár hefur verið unnið að skönnun þeirra en rúmur helmingur er eftir ennþá. Loftmyndasafnið er aðgengilegt á heimasíðu LMÍ og þar má einnig nálgast þær loftmyndir sem búið er að skanna. Svo verðum við að fylgja lögum um opinber skjalasöfn með skilaskyldu til Þjóðskjalasafns eins og aðrar opinberar stofnanir. Þá má heldur ekki gleyma frumgögnum Dana sem urðu til við mælingar og kortagerð þeirra á Íslandi á árunum 1900-1940. Í safninu er að finna mikið magn teikninga, ljósmynda og mælingabóka og hafa þessi gögn verið varðveitt hjá Landmælingum Íslands. Teikningarnar og ljósmyndirnar hafa verið skannaðar og má nálgast á vef LMÍ. Þessar teikningar eru m.a. uppistaðan í gerð Atlaskortanna sem svo margir kannast við.“ Steinunn segir að frá síðustu áramótum hafi komið leyfi frá Þjóðskjalasafninu fyrir rafrænum skilum úr skjalavistunarkerfinu.

„Fyrir þann tíma var það þannig að þótt að skjölin væru til rafræn inni í kerfinu þá þurfti að prenta þau út fyrir skil til Þjóðskjalasafns en við þurfum þess ekki lengur og það sparar vinnu. Helsta áskorunin í dag eru gagnagrunnar og rafræn gögn. Við vitum aldrei hversu lengi verður hægt að lesa eldri útgáfur af rafrænum gögnum því okkur ber að varðveita þetta alveg eins og við varðveitum skjöl á pappír.“

### Flutti til og frá Akranesi

Steinunn segist kunna vel við starf sitt en hún hóf störf hjá Landmælingum Íslands árið 2007 þá nýkomin úr námi í bókasafnsfræðum. Hún flutti þá frá Hafnarfirði til Akraness og bjó á Akranesi þangað til síðasta haust að hún flutti til Hafnarfjarðar aftur. „Ég kunni ágætlega við mig hérna á Akranesi en samt fór það svo að Hafnarfjörðurinn dró mig til sín aftur.“ Nú fer hún á milli með strætó úr Mjóddinni, stundum segist hún keyra þangað úr Hafnarfirði en yfirleitt taka strætó alla leið. Í Mjóddinni skerast leiðir í allar áttir svo auðvelt er að skipta um strætó þar,“ segir Steinunn Aradóttir skjalastjóri Landmælinga Íslands.



Steinunn í skjalasafninu hjá Landmælingum Íslands.

Þorsteinn Þorsteinsson frá Skálpastöðum:

## Samstarfið við Landmælingar auðveldaði örnefnaskráninguna

Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum hefur verið ötulit við söfnun örnefna og komið afrakstri sinnar vinnu inn til Landmælinga Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar. Síðustu árin hefur Þorsteinn Þorsteinsson frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal haldið utan um þetta verkefni. „Ég byrjaði á þessu eftir að Magnús heitin Sigurðsson á Gilsbakka dó en hann hafði þá haldið utan um þessa skráningu. Þetta var 2005-6 en félagið var stofnað árið 1992 og ári síðar stakk Magnús Kolbeinsson í Stóra-Ási upp á því að félagið færi yfir gamlar örnefnaskrár eftir Ara Gíslason sem voru til. Magnús byrjaði á þessu á sinni jörð og lauk því. Þessari hugmynd var strax vel tekið hjá Örnefnastofnun, sem nú er örnefnasafn innan Stofnunar Árna Magnússonar og lagði stofnunin til allar þær eldri skrár sem til voru. Árið 1996 var svo skipuð sértök örnefnanevnd á vegum félagsins og varð Jón Þórisson kennari í Reykholti formaður hennar. Jón vann ötullega að þessu verkefni allt til dauðadags árið 2001 að Magnús á Gilsbakka tók við formennsku í nefndinni. Að honum látum tók Ragnheiður Ásmundsdóttir á Sigmundarstöðum í Þverárhlið við sem formaður og ég ásamt Davíð Péturssyni á Grund erum samstarfsmenn hennar.“

### Gerðu skriflegan samning um verkefnið

Þorsteinn segir að síðan hafi þetta þróast smám saman og hann tekið að sér stóran hluta verksins. „Við skoðuðum ýmsa kortagrunna til að setja þetta inn á en árið 2010 hófst samstarfið



Þorsteinn Þorsteinsson frá Skálpastöðum.

við Landmælingar Íslands með því að Félag eldri borgara í Borgarfjarðardölum gerði samning við stofnunina um aðgang að gagnagrunni hennar. Með samningnum tóku Landmælingar Íslands að sér skráningu og varðveislu örnefna á kortagrunni sem öllum er aðgengilegur á veraldarvefnum. Félagið skuldbatt sig hins vegar til að gefa upplýsingar um örnefni og fróðleik þeim tengdan, sem og staðsetningu nafnanna á loftmyndum.“ Þorsteinn var valinn tengiliður félagsins við Landmælingar Íslands. „Í fyrstu fengum við nokkra aðstoð hjá námsmönnum sem unnu við sambærilega skráningu eitt sumar. Landmælingar greiddu fyrir þá vinnu. Við réðum svo Ragnhildi Jónsdóttur landfræðing í Ausu í Andakíl sem starfsmann við skráningu gagnanna og sinnti hún því starfi vel og er geysilega vandvirk en fljótlega kom í ljós að verkið var viðameira en svo að hún kæmist yfir það innan þess ramma sem við í félaginu höfðum sett okkur. Því var samningnum við Land-

mælingar Íslands breytt þannig að hver sem væri gæti annast merkingu örnefnanna inn á útprentaða loftmynd en starfsfólk LMÍ myndi síðan skrá þær upplýsingar inn í gagnagrunninn. Eftir þessu höfum við unnið síðan og fleiri hafa getað tekið þátt í starfinu.“

### Sumir þekkja öll örnefni á sínum jörðum

Að mestu hefur verið farið eftir endurbættum skráum Ara Gíslasonar. Þorsteinn segir nokkuð vel hafa gengið að afla styrkja til að vinna við þetta, aðalstyrkirinn hefðu komið frá Menningarráði Vesturlands en fjölmargir aðrir hefðu styrkt verkefnið líka. „Þetta hefur aldrei strandað á peningum en langstærsti hluti þessa verkefnis hefur þó verið unninn í sjálfboðavinnu.“ Þorsteinn segir að hann hafi á liðnum árum farið heim á bæi með útprentaðar loftmyndir og fengið heimafólk til að merkja inn á þær örnefni. „Þessi gögn fara svo út á Akranes þar sem unnið er úr þeim hjá Landmælingum Íslands og sett inn í kortagrunninn.“ Þorsteinn segir mjög misjafnt hvernig ungt fólk, sem nú er búsett til sveita, þekki örnefni. „Þetta fer talsvert eftir áhuga hvers og eins því bændur nota ekki örnefni eins mikið við dagleg störf eins og áður. Hins vegar hafa bæst við mörg ný örnefni líka, sérstaklega á nýræktum og þegar búskapur breytist. Við leggjum áherslu á að halda þeim til haga því örnefni, sem eru ný í dag, verða gömul eins og önnur. Við reynum líka að halda til haga ástæðunni fyrir nýjum örnefnum.“ Hann segir að núna hafi um 160 jarðir og svæði verið tekin

fyrir. Hann nefnir dæmi um jarðir með mörg örnefni sem ábúendur þekki vel. „Tökum til dæmis Gilsbakka, þar eru yfir 500 örnefni og Ólafur á Gilsbakka þekkir hvert einasta þeirra og getur gengið að þeim öllum. Sama á við um Kalmanstungu. Þar þekkjá ábúendur öll örnefni. Svo er það þannig að örnefni haldast betur við ef

Oft reynist erfitt að finna örnefni ef þeim er bara lýst með orðum. Þau þurfa að vera til á kortum og myndum líka. Svo var Skorradalur ekki inni í þessari vinnu hjá okkur en þar hafði hreppurinn fengið mann til að skrá örnefni sem síðan er búið að setja inn í örnefnagrunn Landmælinga Íslands.“ Þorsteinn segir að nokkuð margir



Kort úr Borgarfirði fyrir skráningu örnefna.



Kort af sama svæði eftir að örnefnum hefur verið bætt inn.

jarðirnar eru lengi í sömu ætt. Í Húsafelli til dæmis eru öll örnefni alveg á hreinu en þar eru þrjár jarðir sem eru búnar að vera lengi í sömu ætt. Svona dæmi mætti nefna um fleiri jarðir.“

### Mest allur Borgarfjörður búinn

Þorsteinn segir að svæðið sem félagið hafi tekið fyrir sé frá Hafnarfjalli, allir Borgarfjarðardalirnir og upp í Þverárhlið. „Norðurárdalinn, Stafholtstungur og Borgarhreppvantar ennþá nema þar eru auðvitað til gömlu skrárnar hans Ara.

hafi komið að þessu verkefni. Um sextíu manns séu í félaginu en allir hafi verið mjög fúsir að hjálpa með þetta. „Ég er mjög ánægður með samstarfið við Landmælingar Íslands og Árnastofnun vegna þessa verkefnis og það er stórkoslegt að geta farið inn á vefinn lmi.is og skoðað þar örnefnasjá með öllu því sem þar er að finna um land allt. Þetta er að klárast hjá okkur en ég á þó eftir að heimsækja einhverja bæi á næstunni. Það sem eftir er af héraðinu þurfa aðrir að klára,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal.

## Gervitungl nýtast okkur á margvíslegan hátt

Copernicus kallast kerfi fjölmargra gervitungla og mælinga á jörðu niðri sem til þess eru gerð að vakta jörðina. Evrópusambandið sér um rekstur og uppbyggingu kerfisins en Ísland er einnig þátttakandi í verkefninu og Landmælingar Íslands tengiliður landsins. Gunnar H. Kristinsson forstöðumaður sviðs mælinga og landupplýsinga vinnur að þessu verkefni fyrir hönd stofnunarinnar. „Þegar við tölum um að þetta kerfi vakti jörðina þá er átt við að það vakti umhverfið og fólk. Þó að Copernicus sé ekki komið alveg í fullan gang þá er þetta það kerfi sem einna fyrst er til að koma með gögn ef eitthvað gerist víða í heiminum, t.d. við náttúruhamfarir. Þá er kerfið virkjað til að meta skaðann sem orðið hefur en einnig til að koma í veg fyrir mannskaða og frekara tjón á eignum. Einnig vaktar kerfið breytingu á náttúruferjum og vaktar þannig umhverfið í viðum skilningi eins og andrúmsloft, hlýnun jarðar, breytingu á yfirborði og fleira. Núna eru fimm hnettir komnir á loft á vegum þessa kerfis og til að gefa smá hugmynd um stærð þess þá er það að skila u.þ.b. 9 terabætum af gögnum á dag en þegar það verður komið í fulla notkun verða þetta um 50 terabæt á dag.“

### Mikið notagildi fyrir Íslendinga

Gunnar segir Copernicus til fjölmargra og ólíkra hluta nyttsamlegt. „Núna er kerfið t.d. að fylgjast

með skipaferðum á Miðjarðarhafinu í þeim tilgangi að bjarga flóttamönnum en einnig til að að góma smyglara. Frá því að mynd er tekin í um 800 km hæð og þar til hægt er að greina hvað á henni er, tekur nú allt niður í 18 mínútur. Notagildi af Copernicus fyrir Íslendinga getur orðið geysilega mikið. Íslenska ríkið setur fjármagn í kerfið en að okkar mati er það einungis hluti af því sem að við fáum út úr þessu nú þegar og í framtíðinni. Innan þessa ramma höfum við undanfarið ár t.d. verið að vinna að verkefni sem kallast CORINE og snýst um að kortleggja yfirborð Evrópu á samræmdan hátt og fylgjast með landbreytingum. Svo er nýfarinn




Á þessari Sentinel-2A mynd frá 13. apríl sl. má auðveldlega greina á milli mismunandi yfirborðs, svo sem graslendis, mólendis eða votlendis. Fram að þessu hefur það oft verið vandkvæðum bundið vegna þess hve seint á árinu myndir eru teknar.

á loft hnöttur sem verður mikilvægur fyrir Íslendinga en hann fylgist m.a. með ástandi sjávar og

vatna. Hann mælir t.d. gæði vatns, mengun, ölduhæð og rekis og getur til dæmis mælt sjávarhitastig með 0,2 gráðu nákvæmni. Þetta er jafnvel meiri nákvæmni en er í mörgum mælum um borð í bátum og skipum.“

### Fiskveiðieftirlit og fiskileit úr geimnum í framtíðinni

Öll þau gögn, sem verða til með Copernicus kerfinu, nýtast Íslendingum á margan hátt. Til dæmis varðandi veðurspár, náttúruhamfarir og líklega í framtíðinni einnig við sjávarútveg og landbúnað. Gunnar segist jafnvel sjá fyrir sér að ýmislegt sem við gerum á jörðu niðri í dag geti farið fram utan úr geimnum í nánustu framtíð. „Það má sjá fyrir sér fiskveiðieftirlit í gegnum þetta kerfi. Við getum vaktad landhelgina með því og líka fylgst með þeim sem henda olíu og úrgangi í sjó. Jafnvel má hugsa sér að hægt verði að spá fyrir um loðnugöngur og annan uppsjávarkisk með því að nýta þessi gögn. Vegna legu landsins þá eru hnettirnir oftast yfir landinu en t.d. við miðbaug og þar sem þeir eru flestir í þörum þá fáum við hnött með sömu mælitæki hér yfir á eins til tveggja daga fresti. Gervihnettirnir bera mismunandi mælíbúnað og þeir sem nema ljós, sem er utan venjulegs sjónsviðs, geta gefið okkur vísbendingar fyrir landbúnað, landgræðslu og skógrækt. Frá þeim eigum við að geta greint



Gunnar H. Kristinsson.

gróður, t.d. ástandið á vorin og séð hvort tún eru farin að taka við sér eða jafnvel birkið farið að bruma. Ég ímynda mér að þetta geti nýst við landgræðslu og t.d. áburðargjöf.“

### Kerfið meðhöndlaði eldgosíð eins og skógareld

Ef miklar náttúruhamfarir verða í heiminum er hægt að beina nemunum á hnöttunum yfir hamfarasvæðin til að fá gleggri mynd af ástandinu. Þá er hægt að kortleggja strax hvernig ástandið er. „Við prófuðum þetta í eldgosinu í Holuhrauni. Það gekk hins vegar ekki nógu vel því allt apparatið meðhöndlaði þetta eins og um skógareld væri að ræða. Kerfið

var ekki alveg tilbúið fyrir eldgos. Ef hins vegar hefði orðið hamfaraflóð vegna eldgos í Bárðarbungu hefðum við getað kortlagt það strax eftir myndum og skoðað útbreiðslu þess. Við getum líka, ef við eigum von á hamförum, sett þessa þjónustu í gang og þá eru búin til fyrir okkur spálíkon. Þessi þjónusta er öll okkur að kostnaðarlausu.“ Gunnar segir að auk þessa sé fjöldi annarra gervihnatta á sporbaug með mikilli greinifærni og þeim fjölgja stöðugt um leið og mælitækin í þeim verði nákvæmari. „Þetta er gríðarlega áhuga-verð tækni og ört vaxandi iðnaður og helsti vandinn verður að fá nógu vel menntað fólk til að vinna úr öllu þessu gagnamagni,“ segir Gunnar H. Kristinsson.

### Guðmundur Valsson landmælingaverkfræðingur:

## Fylgist með hnitapunktum landsins og hreyfingum þess

Guðmundur Valsson landmælingaverkfræðingur hefur umsjón með endurmælingum hnitakerfisins hér á landi. Hann segir að lögum samkvæmt þurfi endurmæling að fara fram á tíu ára fresti en þá fara mælingamenn um landið að ákveðnum hnitapunktum sem komið hefur verið fyrir. „Núna förum við á tíu ára fresti að mæla 130 fasta punkta og gefum síðan út ný hnit. Svo eru líka komnar fastar GPS-stöðvar sem fylgst er reglulega með. Jarðvísindasamfélagið á þær flestar en við höfum líka aðgang að þeim. Þær eru oft komnar til vegna óskyldra rannsóknaverkefna en enda síðan hjá Veðurstofnunni. Okkar eigin stöðvar eru við með á stöðugum hlutum landsins eins og t.d. á Akureyri og Ísafirði. Þær nýtast reyndar jarðfræðingum vel líka. Þessa dagana eru við að byrja mælingar hér í nágrenninu og höldum svo áfram allt sumarið og þetta verða ábyggilega á þriðja hundrad punktar sem við mælum í heildina núna. Í vor samþættum við mælingar okkar hér á suðvesturhorninu með verkefni sem Háskóli Íslands er að vinna. Hluti af tækjum okkar er í því verkefni og það er einfaldast að samnýta þau í bæði þessi verkefni. Þá verður styttra á milli punktanna og mælingar því nákvæmari. Við stefnum sem mest á svona samstarf.“ Guðmundur segir hnitamælingar Landmælinga Íslands nýtast á fjölmargan hátt. „Þetta er t.d. notað við jarðfræðirannsóknir, við framkvæmdir og í kortagerð. Hugsunin á bak við þetta er að allir séu

að vinna í sama kerfinu. Við erum að tala um kannski tuttugu sentimetra bjögun á tíu árum sem skiptir ekki svo miklu máli í grófri kortagerð en svo eru sífellt fleiri sem þarfnast meiri nákvæmni og kalla á hana. Það er þá helst varðandi einhverjar framkvæmdir.“

### Jarðskjálfti breytti fjarlægðinni

Landið er að gliðna um u.þ.b. tvo sentimetra á ári, einn sentimetra í hvora áttina, að sögn Guðmundar. „Svo koma auðvitað jarðskjálftar og eldgos sem hafa áhrif. Eldgosið í nágrenni Bárðarbungu hafði talsverð áhrif. Þá hafði stóri jarðskjálftinn árið 2008 mikil áhrif en eftir hann þurftum við að mæla nánast allt Suðurlandið upp á nýtt. Það varð t.d. 45 sentimetra færsla milli Selfoss og Hveragerðis af völdum hans og þá þurftum við að gefa út ný gögn vegna framkvæmda á Helliðinni. Sveitarfélögin þurftu líka að endurskoða sín mörk því lóðir og landamerki hafa sín hnit og þetta þurfti að endurskoða. Regluverkið varðandi landamerki á Íslandi er ekki nógu gott. Svo verða líka hæðarbreytingar. Á miðhálandinu er landris alveg upp í tvo sentimetra á ári og svo er líka landsig eins og á Reykjanesi, sem er ekki gott því stór flóð geta komið örar fyrir vikið. Á Höfn í Hornafirði er landris og þar eru stöðugar breytingar í inn-siglingunni og talsverð vandræði út af landrisinu til viðbótar við árfurð.“

### Fara á alla punkta

Þrátt fyrir alla tækni þurfa landmælingamenn eftir sem áður að fara um allt land og mæla eins og gert hefur verið frá því mælingar hófust hér á landi fyrir rúmri öld. „Við förum á alla punkta og setjum upp tækin. Við þurfum minna að klöngrast upp á fjöll en áður eftir að GPS-tæknin kom til. Punktarnir okkar eru ýmist steyptir stöplur eða koparboltar steyptir niður í klöpp. Við stillum loftneti yfir þessa punkta, mælum hæðina og tækið er láta ganga. GPS-tæknin er mesta byltingin sem orðið hefur í þessum mælingum en síðan eru ýmsar aðrar breytingar eins og fjölgun gervitungla. Annars er mikil þróun í þessu um allan heim. Maður sér þetta kannski helst á því hve allar upplýsingar eru meira notaðar en áður eftir að GPS-tæknin kom í símana. Þeir eiga eftir að verða enn nákvæmari en núna er skekkjan í þeim um fimm metrar. Staðsetningatæki skipta gríðarlegu máli í nútíma samfélagi, ekki bara á landi heldur líka til sjós og í lofti.“ Guðmundur segir 3-4 menn frá Landmælingum Íslands verða við mælingarnar í sumar. „Það er komin mikil reynsla á GPS-mælingar hér. Tækin eru orðin betri og með endingarbetri rafhlöðum, þannig að nú getum við keyrt þetta á mun færri mönnum en við gerðum áður.“

### Bætti landmælingum við verkfræðina

Guðmundur Valsson er fæddur og uppalinn á Akranesi. Eftir nám



Guðmundur Valsson.



Guðmundur við mælingar.

í Fjölbreyttaskóla Vesturlands stundaði hann verkfræðinám í Háskóla Íslands. Á námsárunum þar hóf hann störf hjá Landmælingum Íslands sem sumarstarfsmaður árið 2000. Hann lauk BS-prófi í umhverfis- og byggingaverkfræði frá HÍ 2001. „Mér líkaði svo vel við störfin hér að ég ákvað að fara

og læra mælingar enn frekar. Ég kláraði svo meistaraáráttu í landmælingaverkfræði frá Háskólanum í Ás í Noregi árið 2005. Þetta er ekki kennt á Íslandi en þetta var mjög góður tími þarna í Noregi en Háskólinn í Ás býður upp á mjög fjölbreytt nám,“ segir Guðmundur Valsson.

# Byrjaði sem gjaldkeri en sinnir nú starfsmannamálum

Jensína Valdimarsdóttir hóf störf hjá Landmælingum Íslands sem gjaldkeri þegar stofnunin flutti á Akranes í ársbyrjun 1999. „Þetta var meðan kortasalan var hér og þá voru mikil samskipti við viðskiptavini og því mikið að gera hjá gjaldkera við innheimtu og fleira sem tengdist kortasölu. Eftir að kortasalan var lögð niður þá minnkaði hlutverk gjaldkera mjög mikið og fjarði undan því starfi. Eftir að öll landupplýsingagögn hér urðu gjaldfrjáls þá var nánast ekki þörf fyrir gjaldkera lengur.“

## Tvisvar stofnun ársins

Samhliða gjaldkerastarfinu hafði Jensína alltaf sinnt starfsmannamálum en árið 2005 voru starfsmannamál orðin að meginviðfangsefni hennar hjá stofnuninni. „Hér störfuðu milli 30 og 40 manns þegar mest var og kortasalan var í gangi en annars hafa starfsmenn verið 25-26 síðustu ár og kynjaskipting er hnifjöfn núna,“ segir Jensína stolt. Auk starfsmannahaldsins hefur Jensína unnið að útgáfumálum en



Jensína Valdimarsdóttir.

þrisvar á ári kemur blað stofnunarinnar, Kvarðinn, út undir hennar ritstjórn. „Ég hef einnig sinnt heimasíðunni á ýmsan hátt og auk þess unnið við ársskýrsluna.“ Jensína segir ýmsa verkferla og verkefni í gangi sem tengjast gæðamálum og varða starfsmannamálin. „Þessa ferla þarf að uppfæra reglulega og laga. Sem

dæmi má nefna verkferla varðandi ráðningar í störf, starfsþróun, endurmenntun, einelti og ýmislegt annað en auk þess er talsvert starf unnið varðandi jafnlaunavottun. Hún byggist á íslenskum staðli sem gefinn var út 2012 og gengur út á að sömu laun skuli greidd fyrir sömu störf. Við höfum þrisvar sinnum farið í gegnum

þetta ferli og fengið jafnlaunavottun VR staðfesta.“ Frá því könnunin „Stofnun ársins“ á vegum SFR tók til starfa árið 2006 hafa Landmælingar Íslands tekið þátt í henni. Við höfum alltaf verið í efstu sætum. Tvisvar sinnum höfum við fengið viðurkenninguna „Stofnun ársins“ og fjórum sinnum „Fyrirmyndarstofnun“, nú síðast 2016. Við höfum notað þessa könnun mikið til að rýna í það sem betur má fara í starfsumhverfinu, leggjumst alltaf yfir könnunina og skoðum hvað betur má fara. Reynum að bæta úr þar sem þörf er á og setjum okkur há markmið, hæsta einkunn er fimm og við setjum okkur að vera ekki neðan við fjóra. Hér er mjög góður starfsandi og honum viljum við halda. Mikilvægast til að halda þessum góða starfsanda er gott upplýsingastreymi meðal starfsmanna, virk þátttaka í öllu sem gert er og vel skilgreind störf.“

menn eru skilgreindar þannig. „Fjölmargar stofnanir ríkisins eru fámennari, t.d. mörg sýslumanns-embætti en þetta er samt ekki stór stofnun í okkar huga. Hér ríkir mikill metnaður, samstarfs- vilji og frumkvæði sem er lykillinn að farsælu starfi. Mikil áhersla hefur verið lögð á fjölskylduvænt starfsumhverfi, sveigjanleika og að starfsfólk sé tilbúið að þróa sig í starfi með endurmenntun og þjálfun í samræmi við kröfur starfseminnar hverju sinni. Félagsandinn er góður og öflugt starfsmannafélag sér um margvíslega starfsemi sem eflir starfsandann. Meðalaldur starfsmanna er 49 ár og hefur hækkað aðeins síðustu ár sem skýrist m.a. af því að margir starfsmenn hafa unnið hér í tíu ár eða lengur. Menntunartig starfsmanna er nokkuð hátt því langflestir þeirra eiga háskólanám að baki.“

## Góður félagsandi


Jensína segir að stofnunin sé skilgreind sem miðlungsstór stofnun en stofnanir með 20-49 starfs-

## Meirihluti starfsmanna býr á Akranesi

Þegar Landmælingar Íslands voru fluttar til Akraness urðu miklar mannbreytingar. Margir fyrri starfsmanna hættu og nýir komu í staðinn. Sumir þeirra eldri og hinna nýrri bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og gerðu það áfram þrátt fyrir flutninginn. Aðrir fluttu til Akraness og í hópi nýrra starfsmanna voru líka heimamenn á Akranesi. Jensína segir breytilegt hvernig þetta sé en nú búi 62% starfsmanna á Akranesi en flestir þeirra sem búi utan Akraness búi á höfuðborgarsvæðinu en þó sé einn starfsmaður búsettur í Hvalfjarðarsveit og annar í Borgarnesi.



Starfsmenn Landmælinga Íslands í stefnumótunarvinnu.



Menntunartig starfsmanna Landmælinga Íslands.



## Starfsfólk LMÍ í starfi og leik

Hjálpast er að við sláturgerð, tekið þátt í mottumars og komið saman með börnunum. Myndirnar tala sínu máli.



# Landmælingar og kortlagning Dana á Íslandi í byrjun tuttugustu aldar

Danskir landmælingamenn hófu mælingar á Íslandi fyrstir manna aldamótaárið 1900. Það var þó ekki fyrr en á fyrstu árum tuttugustu aldar sem Danir hófu kortlagningu af fullum krafti og við sambands slit Íslands og Danmerkur árið 1944 höfðu þeir að mestu lokið kortlagningunni.

Kortlagning Dana var gífurlegt þrekvirkni unnið við mjög erfiðar aðstæður enda landið að mestu óbrúað og erfitt yfirferðar. Danirnir ferðuðust um á hestum með sín þungu tæki og tól og nutu leiðsagnar heimamanna. Ágúst Böðvarsson, fyrrum forstjóri Landmælinga Íslands, skráði sögu landmælinga og kortagerðar Dana hér á landi og kom afraksturinn út á bók sem gefin var út í tilefni 40 ára afmælis Landmælinga Íslands fyrir tuttugu árum.

Frá kortlagningu Dana í byrjun tuttugustu aldar eru til margar sögulegar ljósmyndir. Ein þeirra er á forsíðu þessa blaðs og hér má sjá nokkrar til viðbótar.



## Landmælingafólk að störfum fyrr og nú

*Starfsfólk Landmælinga fer víða í störfum sínum við mælingar auk þess að sinna mikilvægum störfum á skrifstofunni á Akranesi. Hér er myndasýrpa frá liðnum áratugum sem sýnir landmælingafólk við misjöfn störf á misjöfnum tíma.*

